

Fundur í foreldraráði Borgarholtsskóla  
haldinn í skólanum þann 23. janúar kl. 18:00

Á fundinn mættu: Anna María, Ásdís, Guðrún Sóley og Hulda. Elísabet boðaði forföll

Á dagskrá:  
Félagslíf í skólanum  
Mötuneytismál  
Önnur mál

Fyrst rætt um skólaböll en ekkert ball hefur verið í skólanum í vetur annað en busaball. Nýársball fellt niður vegna lélegrar aðsóknar. Ekki ljóst hverjar skýringar eru á þessu áhugaleysi nemenda.

Fram kom ósk um að nemendafélagið upplýsti foreldra betur um það hvar hægt er að sjá það sem nemendafélagið er með á dagskrá.

Framundan eru skóhlífadagar þ.e. 15. og 16. febrúar. Stjórn foreldrafélagsins stendur gæsluvaktina við inngang á glæsiballinu þann 16. feb. , en foreldrum þykir oft gaman að fylgjast með ballinu.

Mötuneytið býður nú 20 miða kort á 13.500 kr. eða 675 kr. fyrir hverja máltíð. Tilboðið stendur til 2. febrúar og búið að senda foreldrum tilkynningu um það. Vonast er til að nemendur nýti sér þetta og fái þá staðgóða máltíð í erli dagsins.

Minnt á að umsjónarkennarar nýnema sendi foreldrum póst þar sem þeir eru hvattir til að hafa samband við þá ef þeim þykir þurfa.

Fundi slitið kl. 19:00